

Tílefni fundar: Æskulýðs og tómstundanevnd Flóahrepps			Síða
FUNDARGERÐ Efni Samvinna við Flóaskóla-fyrstu skref			1 (2)
Dags. fundar 11.01.2011	Tími 20:15	Staður Flóaskóla	Nr. fundar 1
Fundarboðandi Anný Ingimarsdóttir	Fundarritari Sigríður M. Björgvinsdóttir	Dags. Boðað 04.01.2011	
Fundarmenn Anný Ingimarsdóttir, Gauti Gunnarsson, Kristín Sigurðardóttir, Sigríður M. Björgvinsdóttir			
Afrit Fundarmenn, aðrir í æskulýðs og tómstundanevnd Flóahrepps, Kristín Sigurðardóttir, Margrét Sigurðardóttir			

Atriði nr.	Lýsing	Ábyrgð	Dags.
1	Rætt var um væntingar til unglिंगastarfsins af hendi Flóaskóla, bæði nemenda og starfsfólks. Höfum 1.000.000 kr. til ráðstöfunar í ár. Flóaskóli hefur afar takmarkað svigrúm til fjárútláta.	Allir	11.01.2011
2	Samvinna við skóla í Bláskógabyggð, Aratungu og á Flúðum rædd. Hugsanlega þurfum við að funda með þeim.	Nefndin	11.01.2011
3	Starfsmaður til að halda utan um starfsemina í 20% starfi, verður sá kostnaður greiddur af sveitarfélaginu sérstaklega? Þurfum við að greiða fyrir notkun félagsheimilanna? Er opið fyrir 10. bekk Flóaskóla í félagsmiðstöðina á Selfossi?	Anný athugar hjá Margréti	11.01.2011
4	Rætt um að reka heimasíðu með upplýsingum um starfið, kostar í dag undir 5 þús. Kr. Á ári að halda út slíkri síðu á t.d. 123.is Hugsað sem upplýsingaveita fyrir alla viðkomandi.	Sirry athugar nákvæman kostnað	18.01.2011
5	Ýmsir kostnaðarliðir ræddir er varða starfið í heild ss. Rútuferðir, starfsfólk á böllum, þarf ca. 1 fullorðinn fyrir hverja 10 nemendur, hér getur komið til samvinna milli foreldra og kennara.	Anný	
6	Setja þarf upp dagskrá fyrir hverja önn tímanlega.	Nefndin	
7	Rætt um tómstundabíl og nýtingu ferða auk samvinnu foreldra varðandi akstur milli staða í tengslum við íþróttir og tómstundastarf. Þarf að skipuleggja í upphafi hvernig annar vegar breyttra stundaskráa ofl.	Foreldrar og skóli	
8	Rekin verður sjoppa til fjáröflunar.	Nemendur	
9	Margar hugmyndir um námskeið komnar fram, t.d. brjóstsykurgerð, vefsíðugerð auk Pizzuveislu, opið hús, gisting í skólanum árlega, hittingur 2svar í mánuði ofl. Einnig kom fram að unglिंगarnir vilja að skemmtanir hefjist kl. 20 og að frí sé í skólanum daginn eftir.	Nefndin og Flóaskóli	
10	Þátttaka í SAMFÉS rædd, mikill áhugi hjá unglिंगunum á að taka þátt í söngvakeppni og annarri starfsemi SAMFÉS. Athuga þarf kostnað við slíka þáttöku, hugsanlegt að taka þátt með uppsveitarskólunum til að deila þáttökugjaldi. Vantar einnig upplýsingar um kostnað við að ráða plötusnúð (DJ)	Anný athugar kostnað	18.01.2011
11	Nemendaráð skólans er nýstofnað, rætt um samvinnu og samráð við þau í framtíðinni. Einnig rætt um að eldri bekkir skipuleggi og haldi viðburði fyrir yngri bekkina.	Nefndin	

Atriði nr.	Lýsing	Ábyrgð	Dags.
12	Ræddum um að fá ýmis félög til að kynna sitt starf ss. Skáta, Björgunarsveitir, hestamannafélagið Sleipni ofl.	Gauti	18.01.2011
13	Hugmynd að hafa próflokaviðburð þann 1. Febrúar næstkomandi, verður skoðað nánar. Ákveðið að halda ball og bjóða uppsveitaskólum, verður auglýst með 2ja vikna fyrirvara, dagsetningar sem koma til greina eru 18. eða 24. febrúar auk 10. mars en ræða þarf við hina skólana um heppilega dagsetningu m.v. þeirra skóladagatöl. Stefnt á að halda einnig kvöldvöku síðar á önninni.	Nefndin og Flóaskóli	18.01.2011
14	Kristín bauð upp á að nýta sérstaka kennslustofu undir starfseminum þar sem mætti geyma tæki og tól, t.d. græjur fyrir plötusnúð, snóker borð, fótboltaspil(er til í skólanum) og hugsanlega annað sem tengist starfseminni.	Nefndin og Flóaskóli	
15	Rætt um leiðir til að fá fram hugmyndir og væntingar unglínganna til starfseminnar.	Nefndin	
16	Fundi slitið kl. 21:45, næsti fundur var ákveðinn eftir viku, þriðjudaginn 18. Janúar kl. 20:30 á sama stað.		